



HAFNARFJÖRÐUR

Minnisblað - 9. júní 2017

Efni: Hamarsbraut 5, breyting á deiliskipulagi punktar til skoðunar, 1702315

Þann 29.5.2017 sækir Arnar Skjaldarson um deiliskipulagsbreytingu við Hamarsbraut 5. Erindi vegna Hamarsbrautar 5 hefur áður verið til umfjöllunar og tillaga að breyttu deiliskipulagi auglýst sk. 1. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Erindinu var synjað m.a. á grunni þeirra athugasemda sem bárust samanber bréf Lex lögmannstofu dags. 05.05.2017.

Nú hafa borist nýjir uppdrættir af breytingunni þar sem bílastæðum er komið fyrir innar á lóðinni við Hamarsbraut 5. Óskað er eftir deiliskipulagsbreytingu í samræmi við endurskoðaða uppdrætti.

Áhyggjur íbúa við götuna hafa aðallega snúið að auknum bílafjölda við götuna verði heimild veitt til þess að breyta skilmálum gildandi deiliskipulags með þeim hætti að lóðin við Hamarsbraut 5 verði fyrir tvíbýli í stað einbýli.

Umferðarsérfræðingur framkvæmdasviðs Hafnarfjarðar telur að aukin umferð um götuna, vegna fjölgunar um eina íbúð umfram það sem gildandi deiliskipulag kveður á um, muni vera minniháttar.

Lang flest húsin við götuna eru einbýlishús. Á nærliggjandi lóðum við Hamarsbraut 5 eru tvö hús sem eru parhús, þ.e. tvær íbúðir í hvoru húsi um sig.

Skipulagsyfirvöld setja þá kvöð að leysa þurfi bílastæði innan lóðar. Gert er ráð fyrir fjórum bílastæðum inni á lóð við Hamarsbraut 5, eða tvö fyrir hvorn hluta fyrir sig m.v. að parhús rísi á lóðinni. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir allt að 3 bílastæðum lóð við fimm húsanna við Hamarsbraut. Tveimur stæðum við 4 hús og eitt stæði á lóð við 4 þeirra. Eitt hús við götuna hefur ekki bílastæði á lóð og sk. gildandi skipulagi verða þau tvö.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt